

Alþingi
Erindi nr. P 127/494
komudagur 127/494⁰⁰¹

Nefndasvið Alþingis
umhverfisnefnd
Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Þjósárveranefnd
Skúlagötu 21

10. desember 2001
Snr. 004/TB


Efni: Þingsályktunartillaga um stækkun friðlandsins í Þjósárverum, 8. mál

Á fundi í Þjósárveranefnd þann 10. desember 2001 var lagt fyrir til afgreiðslu bréf frá umhverfisnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Þjósárveranefndar um þingsályktunartillögu um stækkun friðlandsins í Þjósárverum, 8. mál.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt: Þjósárveranefnd styður framkomna þingsályktunartillögu. Með stækkun friðlandsins í Þjósárverum mun það ná yfir öll verin og jaðarsvæði meðfram Þjórsá að Sultartangalóni þ.m.t. landslagsgerðir í ánni s.s. tignarlega fossa.

Nú þegar hefur verið gengið á verin austan Þjórsár og vatnsmagn í ánni hefur verið skert um tæplega helming. Með friðlýsingu á að koma í veg fyrir röskun á Þjósárverum meira en orðið er. Ný friðlýsingarmörk verða að tryggja verndun þeirra vera sem Þjósárkvíslar og Þjórsá renna um og að þau nái yfir s.s. Eyvafen og önnur ver rík af freðmýrarústum austan megin ár og öll gróðurlendi niður með Þjórsá að Sultartangalóni.

Virðingarfyllst,



Gísli Már Gíslason
formaður Þjósárveranefndar

Samrit: Náttúruvernd ríkisins